

10. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 15. september 2015 og hófst hann kl. 09:00

Fundinn sátu:

Jón Hrói Finnsson formaður, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu, Jóhannes Ingibjartsson aðalmaður og Þórhallur Björnsson varamaður.

Fundargerð ritaði: Laufey Jónsdóttir og Jón Hrói Finnsson.

Ólafur Guðmundsson og Hildur Bjarnadóttir boðuðu forföll. Þórhallur Björnsson varamaður mætti í stað Ólafs. Laufey vék af fundi kl. 10.

Fyrir tekið:

1. 1410165 - Erindi samráðshóps til bæjarráðs

Kynnt verður bréf sem sent var til bæjarráðs um kostnaðaráætlun vegna stækkunar húsnæðisins. Bréfið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 9. september og bókun bæjarráðs var eftirfarandi: "Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið"

Fulltrúar FEBAN telja að þegar álit félagsins á kaupum á Dalbraut 6 var leitað hafi FEBAN talið húsnæðið gæti hentað að því gefnu að möguleiki væri að stækka húsnæðið með tilliti til þarfagreiningar og séð fyrir nægum bílastæðum. Það álit hafi komið fram á fundum FEBAN með bæjarfulltrúum á síðasta kjörtímabili.

Ákveðið var að senda nýtt bréf þar sem óskað verður eftir leyfi bæjarráðs til að fara í frumhönnun á húsnæðinu að Dalbraut og gerð nánari grein fyrir forsendum hugmyndanna um breytingar.

2. 1410165 - Þarfagreining

Umræðum frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:40.

Jóhannes Ingibjartsson
Þórhallur Björnsson
Jón Hrói Finnsson
Laufey Jónsdóttir